



Alþingi

Erindi nr. P 120/299

komudagur 6/12 1995

## Fiskifélag Íslands

Samgöngunefnd Alþingis  
b.t. ritara  
Hafdísar Ólafsdóttur,  
Þórshamri,  
Reykjavík.

Reykjavík 6. desember 1995

Efni: Skipaskrá Siglingamálastofnunar.

Í ljósi frumvarps á hinu háa Alþingi um flutning Siglingamálastofnunar og sameiningu hennar við Hafna- og Vitamálastofnun í Siglingastofnun Íslands vill Fiskifélag Íslands koma nokkrum atriðum á framfæri við háttvirta samgöngunefnd Alþingis.

Frá árinu 1926 hefur Fiskifélag Íslands árlega gefið út Sjómannaalmanakið, í almanakinu er skipaskrá og var sú skrá lengi vel eina formlega útgefna skipaskráin hér á landi. Þessi skipaskrá inniheldur miklar upplýsingar og er einungis pláss fyrir brot af þeim í þeirri skrá er birtist í Sjómannaalmanakinu. Það skal tekið fram strax að almanaksskipaskrá Fiskifélagsins inniheldur aðallega fiskiskip og önnur skip eru einungis skráð í lágmarksskráningu og smábátar eru ekki sérstaklega skráðir í skipaskrána þó haldin sé sérstök skrá yfir þá smábáta sem hafa landað fiski, vegna skráningar sem Fiskifélagið hefur með höndum á aflamagni og verðmæti afla.

Hjá Tæknideild Fiskifélagsins og Fiskveiðasjóðs, sem Fiskifélagið hýsir og rekur starfa tveir skipaverkfræðingar, auk rafeindatæknifræðings og vélfræðings, þannig að tæknileg og fagleg geta er talsverð. reyndar má geta þess að ágæt samskipti eru milli Siglingamálastofnunar og Tæknideildar. Þá hefur Tæknideild Fiskifélagsins og Fiskveiðasjóðs með höndum umsagnir og mat á stærð skipa til úreldingar á móti endurnýjun vegna fiskveiðistjórnunar.

Því er þetta hér upp talið, að Fiskifélagið hefur áhuga á að afla sé nýrra verkefna og vill í ljósi umræðunnar um að færa verkefni frá ríkisstofnunum út á almennan markað, lýsa yfir áhuga sínum á samningum við ríkisvaldið um rekstur og viðhald á þeirri skipaskrá sem Siglingamálastofnun hefur haldið. Vonast félagið eftir að við lagasetningu þá sem nú er í farvatninu verði möguleikum sem þessum gaumur gefinn og telur að slíkir samningar spari ríkissjóði fjármuni og auki skilvirkni í verkefnum. Því er það ábending félagsins, að nýrri stofnun verði heimilað að semja við aðila eins og Fiskifélagið um einstaka þætti (t. d. viðhald og rekstur skipaskrár) í rekstri hinnar nýju stofnunar.

Virðingarfyllst,

Fiskifélag Íslands

Bjarni Kr. Grímsson  
fiskimálastjóri

Meðf. eint. af Sjómannaalmanaki 1995